

Til: Borgarráðs**Efni: Greinargerð með framlagningu Fræðslustefnu fyrir vinnustaðinn Reykjavíkurborg**

Hér með eru lögð fram drög að fræðslustefnu fyrir vinnustaðinn Reykjavíkurborg.

Mótun fræðslustefnu er rökrétt framhald af mótun mannauðsstefnu Reykjavíkurborgar 2018. Fræðslustefnan tengist einnig innleiðingu á Torginu, sem verður fyrsta stafræna fræðslukerfið fyrir vinnustaðinn. Stefnan mun tryggja að fjárfesting í Torginu nýtist sem best, til hagsbóta fyrir starfsfólkið, vinnustaðinn og íbúana.

Fræðslustefna tengist einnig annarri stefnumörkun borgarinnar, s.s. Græna planinu (*Samfélag og umhverfi Reykjavíkurborgar er uppspretta lærdóms allt æviskeiðið*) og þjónustustefnu (*Tryggja skal starfsfólki viðeigandi fræðslu að veita góða þjónustu*). Einnig kalla lykilstefnur fagsviða borgarinnar almennt allar á fræðslu til starfsfólks til að koma þeim í framkvæmd. Þá má nefna ákvæði í siðareglum starfsfólks (*Starfsfólk ... leggur sig fram um að viðhalda faglegri hæfni*) og kjarasamningsbundna skyldu borgarinnar til að bjóða starfsfólki upp á starfsþróun og fræðslu. Fyrirliggjandi gögn sýna því miður ójafnræði milli starfsmannahópa í aðgengi að fræðslu, á þann hátt að starfsfólk með minni menntun fær minni fræðslu, þrátt fyrir áherslur t.d. mannauðsstefnu á að starfsfólk fái jöfn tækifæri.

Meðfylgjandi drög að fræðslustefnu hafa verið unnin af fræðsluhópi mannauðsfólks, sem starfar skv. erindisbréfi frá sviðsstjóra mannauðs- og starfsumhverfissviðs. Hópurinn hefur nýtt þarfagreiningar sem gerðar voru vegna innkaupa á stafrænu fræðslukerfi, en einnig voru haldnar sérstakar vinnustofur um fræðslustefnu haustið 2021.

Á vinnustofunum, sem 70 stjórnendur valdir af handahófi tóku þátt í, kom fram áhugi stjórnenda á að efla fræðslustarfið, sem hafði eðlilega fallið nokkuð í skuggann meðan á heimsfaraldri stóð. Einnig kom fram áhugi stjórnenda á að tengja innleiðingu stafræns fræðslukerfis við nýja fræðslustefnu og aukna áherslu á fræðslumál, ekki síst í þeim tilgangi að innleiða fagleg stefnumið, efla þjónustu og styðja við breytingar. Meðal sérstakra þátta sem stjórnendur vildu leggja áherslu á voru að bæta nýliðafræðslu og skyldufræðslu tengda starfi. Einnig voru þátttakendur sammála um að nýta mætti betur fjárfestingu borgarinnar í fræðslumálum, einkum gegnum fræðslusjóði stéttarfélaga, og að skýra þurfi ábyrgð aðila í fræðslumálum og auka samstarf þvert á svið.

Þátttakendum á vinnustofunum bauðst að skoða drög að stefnunni í febrúar 2022 og senda inn athugasemdir, og hefur verið tekið tillit til þeirra í framlögðum drögum. Einnig hefur mannauðsstjórum og sviðsstjórum verið kynnt stefnan í drögum, á vordögum 2022. Hjálögð stefnudrög ásamt aðgerðaáætlun 2023 sem fylgja bréfi þessu eru afrakstur ofangreindrar vinnu.

Fræðsluhópur mannauðsfólks hefur unnið þétt saman undanfarið, meðal annars vegna innleiðingar á Torginu. **Hópurinn hefur þá eindregnu skoðun að fræðslustefna sé nauðsynleg til að styðja við innleiðingu Torgsins, og nýta til fulls þá fjárfestingu sem sú lausn er.** Tímasetning þeirrar tillögu að fræðslustefnu sem hér er lögð fram byggist á því að Torgið verður gangsett á öllum sviðum borgarinnar á næstu mánuðum.

Varðandi kostnað við stefnuna, þá telur fræðsluhópurinn mögulegt að hefja innleiðingu þessarar stefnu nú, án sérstakrar fjármögnunar. Ástæðan fyrir því að ekki er talin þörf á sérstakri fjármögnun nú, er að talsverðir fjármunir eru settir í fræðslumál hjá borginni nú þegar. Þetta er einkum gegnum fræðslusjóði sem byggjast á kjarasamningum (um 800 m.kr. á ári að frátöldum vísindasjóðum), og þar getur borgin sótt fjármagn, þó vissulega nái þeir sjóðir sem opnir eru fyrir umsóknum frá sveitarfélaginu aðeins til um 70% mannaflans. Einnig eru bein framlög borgarinnar til innkaupa á fræðslu umtalsverð, eða sem nemur um 300 m.kr. á ári. Þá fer talsverður tími starfsfólks í fræðslu, bæði sem veitendur og neytendur.

Talið er mögulegt að nýta þessa fjármuni betur til að efla fræðslustarfið, ekki síst ef sú umbreyting nýtur stuðnings frá nýrri stefnu og nýju tölvukerfi. Því er lagt til að fræðslustefnan verði samþykkt á þeim grunni að hún rúmist innan fjárhagsramma, en að staðan hvað það varðar verði endurmetin eftir eitt ár.



Reykjavíkurborg
- einn vinnustaður

Virðingarfyllst,

Lóa Birna Birgisdóttir,
sviðsstjóri mannauðs- og starfsumhverfissviðs

Hjálagt:

Drög að fræðslustefnu vinnustaðarins Reykjavíkurborgar, dags. 21.11.2022.



Fræðslustefna til 2026 fyrir vinnustaðinn Reykjavíkurborg

21. nóvember 2022



Umfang fræðslustefnu

Fræðslustefna setur sambærilegar áherslur fyrir vinnustaðinn og borgin hefur sett fram sem samfélag, að vera uppspretta lærdóms allt æviskeiðið.

Fræðslustefna er undirstefna mannauðsstefnu.

Fræðslustefna gildir fyrir allt starfsfólk og stjórnendur á öllum sviðum og starfsstöðum Reykjavíkurborgar.

Fræðslustefnan gildir til 2026.

Samhengi við aðrar stefnur og skuldbindingar

Mannauðsstefna Reykjavíkurborgar

Þar segir m.a. að borgin mæti *síbreytilegum þörfum vinnustaðar og starfsfólks*, að löggð sé áhersla á að starfsfólk fái *jöfn tækifæri*, að borgin sé *framsækinn vinnustaður sem hvetur til þverfaglegrar starfsþróunar*, og að við *nýtum okkur nýja tækni*.

Græna planið

Þar segir m.a. að samfélag og umhverfi Reykjavíkurborgar skuli vera *uppspretta lærdóms allt æviskeiðið*.

Þjónustustefna Reykjavíkurborgar

Þar segir m.a. að starfsfólki sé *tryggð fræðsla, tími og aðstaða til að standa undir þeirri ábyrgð sem felst í því að veita góða þjónustu*.

Aðrar lykilstefnur borgarinnar

Fræðsla er mikilvægur liður í ýmsum öðrum stefnum og stefnumarkandi áætlunum sem borgin hefur sett, bæði innan málaflokka og þvert á málaflokka.

Siðareglur starfsmanna Reykjavíkurborgar

Þar sem segir m.a. að starfsfólk leggi sig fram um að *viðhalda faglegri hæfni sinni og þekkingu í starfi og auka hana*.

Kjarasamningar

Reykjavíkurborg hefur undirgengist þá skyldu skv. kjarasamningum að bjóða upp á starfsþróun og fræðslu fyrir starfsfólk.



Tilgangur fræðslustefnu

Tilgangur fræðslustefnu er að styrkja Reykjavíkurborg sem eftirsóknarverðan vinnustað fyrir metnaðarfullt fólk og undirstrika að fræðsla sé viðurkennd leið til að ná árangri í allri þjónustu og starfsemi borgarinnar.

Fyrir starfsfólk

Að fræðsla sé aðgengileg fyrir starfsfólk, bæði nýliða og reyndara starfsfólk til að viðhalda hæfni og efla sig í lífi og starfi.

Fyrir stjórnendur

Að styðja og styrkja stjórnendur sem leiðtoga fræðslumála á sínum starfsstað, til eflingar starfs og umbóta.

Fyrir íbúa og þjónustuþega

Að fræðsla skili auknum gæðum í allri þjónustu og stjórnsýslu á vegum Reykjavíkurborgar, og auðveldi borginni þar með að innleiða nýjungar og vera í fararbroddi.



Ábyrgð og framfylgd stefnu

Sviðstjóri mannauðs- og starfsumhverfissviðs ber ábyrgð á fræðslustefnu sem undirstefnu mannauðsstefnu.

Mannauðsstjórar sviða framfylgja stefnunni, vinna að sameiginlegu fræðslustarfi og framkvæmd aðgerðaáætlunar.

Sviðsstjórar og mannauðsstjórar sviða úthluta ábyrgð á fræðslustarfinu innan sviðs og taka þátt í sameiginlegu fræðslustarfi og útfærslu stefnunnar.

Allir stjórnendur framfylgja stefnunni, hver fyrir sína starfseiningu.

Skrifstofa starfspróunar og starfsumhverfis á mannauðs- og starfsumhverfissviði heldur utan um aðgerðaáætlun og fylgir henni eftir í samstarfi við ofangreinda aðila.



Framtíðarsýn

Reykjavíkurborg er vinnustaður þar sem fræðsla og þjálfun starfsfólks á sér stað og stund, nýtur stuðnings og byggist á öflugu samstarfi.

Starfsfólk Reykjavíkurborgar nýtur viðeigandi fræðslu á skilvirkan og fjölbreyttan hátt, til hagsbóta fyrir einstaklinginn, vinnustaðinn og íbúa borgarinnar.




Meginmarkmið

Meginmarkmið fræðslustefnu eru fjögur.

Þau snúast um að fræðsla eigi sér **stað** og **stund** - þannig að hún sé hluti af starfi allra - og fræðslustarfið njóti **stuðnings stjórnenda og mannauðsfólks** og sé unnið í **samstarfi** til að tryggja gæði og árangur.

Meginmarkmiðin stuðla að **umbótum og jákvæðum breytingum** svo að framtíðarsýn stefnunnar verði að veruleika.

Á grunni hvers meginmarkmiðs eru lagðar þrjár **áherslur** sem kynntar eru hér á eftir.





Meginmarkmiðin eru eftirfarandi:

staður

Fræðsla á **stað** þar sem starfsfólk getur sótt sér fræðslu og veitendur miðla efni á skipulagðan hátt

Fræðsla á **stund** hjá starfsfólki sem fær tækifæri til að njóta fræðslu og veita hana

stund

samstarf

Fræðslustarf er **samstarfsverkefni** starfsfólks, stjórnenda fræðsluveitenda og ytri aðila

Fræðslustarf nýtur **stuðnings** stjórnenda og mannauðsfólks

stuðningur



Áherslur meginmarkmiða

lýsa nánar þeim sjónarmiðum sem koma fram í meginmarkmiðunum og eru grunnur að mælanlegum markmiðum og sértækum aðgerðum

1. Torgið er stafrænn og notendavænn vettvangur
2. Aðstaða á starfsstöðum er byggð upp

staður

1. Starfsfólk fær svigrúm til fræðslu
2. Stjórnendur hvetja starfsfólk
3. Þekkingarmiðlun er ábyrgð allra

stund

1. Fræðslustarf er skipulagt sem samstarf
2. Starfsfólk tekur ábyrgð á eigin hæfni og farsæld
3. Ytra samstarf nýtt til hagræðingar

samstarf

1. Stjórnendur eru leiðtogar í fræðslumálum
2. Mannauðsfólk styður við fræðslustarf
3. Stjórnendur hafa yfirsýn og upplýsingar

stuðningur



Staður

Fræðsla á **stað**
þar sem starfsfólk getur
sótt sér fræðslu og
veitendur miðla efni á
skipulagðan hátt.

1

Torgið er stafrænn og notendavænn vettvangur fræðslustarfs sem tryggir auðvelt aðgengi fyrir allt starfsfólk að fræðslu.

2

Aðstaða á starfsstöðum er byggð upp þannig að starfsfólk geti sótt sér stafræna fræðslu á vinnustaðnum – einn í einu eða litlum hópum.



Stund

Fræðsla á **stund** hjá starfsfólki sem fær tækifæri til að njóta fræðslu og veita hana

1

Starfsfólk fær svigrúm til fræðslu

til að sækja sér fræðslu sem er í takti við verkefni hverju sinni, uppfyllir skyldur og kröfur og styður við starfsþróun. Stefnt er að því að jafna fræðslutækifæri óháð ráðningafyrirkomulagi, vinnufyrirkomulagi, tungumálafærni og stéttarfélagi.

2

Stjórnendur hvetja starfsfólk

til að sækja fræðslu í upphafi og síðan eftir því sem við á út starfstímann, gæta þess að skyldufræðslu sé sinnt þegar við á.

3

Þekkingarmiðlun er ábyrgð allra

og það er hluti af starfi þeirra sem búa yfir sérhæfðri þekkingu að miðla henni til annarra. Stjórnendur gefa veitendum fræðslu svigrúm til að sinna því starfi, til hagsbóta fyrir heildina.



Stuðningur

Fræðslustarf
nýtur **stuðnings**
stjórnenda og
mannauðsfólks

1

Stjórnendur eru leiðtogar í fræðslumálum
og tengja fræðslu við áskoranir í starfsemi, umbætur í þjónustu og hlítingu við stefnur og kröfur.

2

Mannauðsfólk styður við fræðslustarfið
og aðstoðar stjórnendur við að nýta fræðslu og þjálfun til stuðnings við reglubundna starfsemi einingarinnar og við þróun starfsfólks.

3

Stjórnendur hafa yfirsýn og upplýsingar
meðal annars gegnum Torgið, til að styðja við framkvæmd fræðslu á gagnadrifinn hátt.



Samstarf

Fræðsla er
samstarfsverkefni
starfsfólks, stjórnenda,
fræðsluveitenda og ytri
aðila

1

Fræðslustarf er skipulagt sem samstarf

með skýrri umgjörð þar sem samráð, ferli og verkaskipting skapa yfirsýn og skilvirkni við þarfagreiningar, sameiginleg innkaup, framleiðslu, viðhald og dreifingu á fræðsluefni, og við gæðamat.

2

Starfsfólk tekur ábyrgð á eigin hæfni og farsæld

með því að nýta sér fræðsluframboð, taka virkan þátt í mótun fræðslu og sýna frumkvæði í að viðhalda hæfni sinni og auka hana.

3

Ytra samstarf nýtt til hagræðingar

til dæmis með aukinni sókn í fræðslusjóði, samstarfi við önnur sveitarfélög, fræðslufyrirtæki og háskóla eftir því sem við á.



Drög að aðgerðaáætlun 2023

Staður

1. **Rafrænn staður:** Opna Torgið fyrir öll svið og tryggja að allt starfsfólk hafi fengið netföng sín og aðgangsorð til að komast inn á Torgið.
2. **Raun-staður:** Vinna að því að lágmarka hindranir, s.s. varðandi búnað (lágmark ein sameiginleg tölva og heyrnartól) og aðstöðu á starfsstöðum.

Stund

1. **Skipulag:** Þróa leiðir til að yfirstíga hindranir við fræðslu á framlínu- og vaktavinnustöðum, og útbúa leiðbeiningar fyrir starfsstaði þar um.
2. **Veitendur:** Skilgreina hvaða starfseiningar borgarinnar hafa hlutverki að gegna í veitingu fræðslu (til annarra) og tryggja að starfsfólk þeirra eininga hafi svigrúm til að veita fræðslu.

Stuðningur

1. **Færni:** Vinna saman þvert á svið að miðlun þekkingar og færni stjórnenda og starfsfólks í nýtingu Torgisins.
2. **Starfsþróunarsamtöl:** Aðstoða stjórnendur við aukna áherslu á fræðslu í starfsþróunarsamtölum.
3. **Upplýsingar:** Aðstoða stjórnendur við að nýta Torgið til að ná yfirsýn um fræðslustarfið

Samstarf

1. **Verkaskipting:** Skilgreina verkaskiptingu í fræðslumálum (MOS, svið, starfsstaður).
2. **Innkaup fræðslu:** Auka samstarf milli sviða í innkaupum á fræðslu og fræðsluefni og nýta enn betur samstarf við ytri aðila.
3. **Fjármagn / sjóðir:** Auka stuðning við stjórnendur og aðra varðandi gerð stofnanaumsókna í fræðslusjóði stéttarfélaga.



Aðgerðaáætlun og kostnaður

	Staður	Stund	Stuðningur	Samstarf
Aðgerð 1	Rafrænn staður	Skipulag	Færni	Verkaskipting
Kostnaður	Torgið er fjármagnað nú þegar. Aðgangur starfsfólks þegar til staðar, víða vantar eingöngu að afhenda starfsfólki netfang og lykilorð.	Innan fjárhagsramma, flestir eru að finna leiðir í dag, sem í sumum tilfellum eru dýrari en verður eftir innleiðingu Torgs (yfirvinna, maður-á-mann kennsla).	Innan fjárhagsramma, enda hefur byggst upp sameiginleg þekking við undirbúning Torgsins, og Torgið sjálft nýttist	Innan fjárhagsramma, og auðveldað vegna innleiðingar Torgsins
Aðgerð 2	Raun-staður	Veitendur	Starfspróunarsamtöl	Innkaup fræðslu
Kostnaður	Innan fjárhagsramma, flestir starfstaðir hafa a.m.k. eina tölvu á starfsstað og kostnaður við að bæta úr því er hóflegur.	Innan fjárhagsramma, flestar þessar einingar sinna þessu hlutverki nú þegar og oft með óhagkvæmum hætti (staðnámskeið endurtekin).	Innan fjárhagsramma enda starfspróunarsamtöl almennt framkvæmd.	Innan fjárhagsramma, enda víða möguleikar á aukinni hagkvæmni við innkaup, Torgið styður við.
Aðgerð 3			Upplýsingar	Fjármagn / sjóðir
Kostnaður			Gerist gegnum Torgið sem er nú þegar fjármagnað.	Innan fjárhagsramma, MOS hefur nú þegar aukið aðstoð.



Um kostnað við fræðslustefnu

- Talsverðir fjármunir eru lagðir í fræðslumál hjá Reykjavíkurborg nú þegar, í gegnum tíma starfsfólks og bein útgjöld bæði til innkaupa á fræðslu (hátt í 300 m.kr. á ári) og framlög til fræðslusjóða (hátt í 800 m.kr. 2022 að frátöldum vísindasjóðum).
- Torgið mun gera kleift að nýta betur tíma starfsfólks sem fer í fræðslu, bæði notenda og veitenda fræðslu.
- Hægt er að auka sókn í þá fræðslusjóði sem veita stofnanastyrki, en þeir ná til um 70% mannaflans. Mögulega má semja um aukinn sveigjanleika hjá þeim (fjármögnun eigin fræðslu, afsláttur af iðgjaldi) og/eða semja við fleiri sjóði um að veita slíka styrki.
- Lagt er til að fræðslustefnan verði samþykkt á þeim grunni að hún rúmist innan núverandi fjárhagsramma borgarinnar, en að staðan verði endurmetin eftir eitt ár.